

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 84/2016

2017/EES/73/19

frá 29. apríl 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/105 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja bífenýl-2-ól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 4, 6 og 13 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/124 frá 29. janúar 2016 um að samþykkja PHMB (1600; 1.8) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/125 frá 29. janúar 2016 um að samþykkja PHMB (1600; 1.8) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 11 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/131 frá 1. febrúar 2016 um að samþykkja C(M)IT/MIT (3:1) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 4, 6, 11, 12 og 13 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/107 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja ekki sýbútrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/108 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja ekki 2-bútanon, peroxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1 og 2 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/109 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja ekki PHMB (1600; 1.8) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 6 og 9 ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/110 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja ekki tríklósan sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 1 ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/135 frá 29. janúar 2016 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir flókúmafeni, bródfakúmi og varfaríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 ⁽⁹⁾.
- 10) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 74.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 24, 30.1.2016, bls. 1.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 24, 30.1.2016, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 48.

⁽⁵⁾ Stjútíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 81.

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 83.

⁽⁷⁾ Stjútíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 84.

⁽⁸⁾ Stjútíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 86.

⁽⁹⁾ Stjútíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 65.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 12zzzb (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/985) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „12zzzc. **32016 R 0106**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/105 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja bifeníl-2-ól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 4, 6 og 13. (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 74).
- 12zzzd. **32016 D 0107**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/107 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja ekki sýbútrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 81).
- 12zzze. **32016 D 0108**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/108 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja ekki 2-bútanon, peroxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1 og 2 (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 83).
- 12zzzf. **32016 D 0109**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/109 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja ekki PHMB (1600; 1.8) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 6 og 9 (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 84).
- 12zzzg. **32016 D 0110**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/110 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja ekki tríklósan sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 1 (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 86).
- 12zzzh. **32016 R 0124**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/124 frá 29. janúar 2016 um að samþykkja PHMB (1600; 1.8) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 (Stjtið. ESB L 24, 30.1.2016, bls. 1).
- 12zzzi. **32016 R 0125**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/125 frá 29. janúar 2016 um að samþykkja PHMB (1600; 1.8) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 11 (Stjtið. ESB L 24, 30.1.2016, bls. 6).
- 12zzzj. **32016 R 0131**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/131 frá 1. febrúar 2016 um að samþykkja C(M)IT/MIT (3:1) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 4, 6, 11, 12 og 13 (Stjtið. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 48).
- 12zzzk. **32016 D 0135**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/135 frá 29. janúar 2016 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir flókúmafeni, bróðífakúmi og varfaríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtið. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 65).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2016/105, (ESB) 2016/124, (ESB) 2016/125 og (ESB) 2016/131 og framkvæmdarákvörðana (ESB) 2016/107, (ESB) 2016/108, (ESB) 2016/109, (ESB) 2016/110 og (ESB) 2016/135, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.